

Fyrsti fundur foreldrafélagsins Vinarótar skólaárið 2021-2022

Haldinn á Bláu Könnunni, fimmtudagskvöldið 30. September, kl. 20:30.

Fríða, Dagný, Ottó og Eydís mættu til fundarins.

Við ræddum mögulegt starf í vetur, en það er ljóst að það verður enn ekki með hefðbundnu sniði. Okkur þykir harla ólíklegt að haldnir verði viðburðir á borð við íþróttadag, eða aðra viðburðir þar sem foreldrar þurfa að taka þátt, allavega ekki á þessari önn.

Nú er Ásta, sem var í stjórn, hætt og við orðin fjögur. Við viljum gjarnan opna á að það komi inn fimmti stjórnarmeðlimurinn, og gjarnan þá frá eldri deildunum tveimur, því allir stjórnarmeðlimir eiga börn á Sóley.

Við ætlum að ræða við skólustjórnendur hvaða stefnu þau vilja taka, t.a.m. hvort þau vilji fá inn t.a.m. dans eða jógakennara eða eitthvað í þeim stíl, til að brjóta upp leikskóladag, en þá gæti foreldrafélagið staðið straum af þeim kostnaði.

Hvort sem af því verður eða ekki sjáum við fyrir okkur að foreldrafélagið gæti nýtt peningana og keypt inn leikföng, bækur eða spil á deildirnar í samráði við leikskólakennarana.

Fundi slitið 21.37